



Starfsmenn speed skating móta

Yfirdómari – Referee

Short track

- Vinna með mótsstjóra að skipulagningu keppinnar
- Sjá til þess að keppnisreglur séu virtar
- Taka ákvörðun um hindranir, refsingar og framkvæmd eftir þörfum
- Ákvarða um keppnishæfni íssins og öryggi á mótsstað
- Stöðva keppni komi upp vafaatriði um öryggi
- Skipa í aðrar stöður keppinnar
- Aðrar skyldur undir ISU reglu 290, málsg. 4

Long track

- Athuga hvort keppendur uppfylla keppniskröfur
- Sjá um að draga saman þör til keppni þ.m.t. að endurraða ef keppandi hefur dregið sig úr keppni
- Sjá til þess að keppnisreglur séu virtar
- Taka ákvarðanir um brot og dæma keppendur úr leik eftir þörfum
- Ákvarða um keppnishæfni íssins og öryggi á mótsstað
- Stöðva keppni komi upp vafaatriði um öryggi
- Skipa í aðrar stöður keppinnar
- Aðrar skyldur undir ISU reglu 216

Mótsstjóri – Competition Steward

Short track

- Athuga hvort keppendur uppfylla keppniskröfur
- Útdeila keppnisnúmerum á hjálma
- Gera keppnisdagskrá og bera undir yfirdómara
- Ákvarða og gera dagskrá úrsláttarriðla
- Taka niður refsingar m.t.t. næstu riðla
- Aðrar skyldur undir ISU reglu 290, málsgr. 10

Long track

Ofangreind atriði eiga einnig við um long track.

Ræsir – Starter

Short track

- Sjá um tækni notaða við ræsingu (startbyssu eða rafrænt ræsisapp)
- Prófa og aðlaga ráslínur fyrir hverja ræsingu
- Stjórna starti og ákvarða um kvartanir eða vafaatriði
- Láta vita af þjófstarti
- Starfa með yfirdómara

Long track

Sama og að ofan

Tímaverðir og dómara

Tímavörður

- Gegnir mikilvægu hlutverki í nákvæmri tímatöku skautara sem síðan er notað til að ákvarða stöðu skautara og ræsingu þeirra í næstu riðlum. Í tilfalli rafrænnar tímatöku safna tímaverðir tímum til stuðnings rafrænu tímatökunnar. Nákvæmni og athygli tímavarða er sérstaklega mikilvæg til að tryggja áreiðanlega og marktæka tímatöku fyrir hvern þátttakanda.

Dómari

- Marklínudómari ber ábyrgð á að fylgjast með röð skautara yfir marklínu, sérstaklega þeirra sem koma mjög nálægt hvor öðrum í mark. Marklínudómari er nauðsynlegur til staðfestingar úrslita þótt rafræn tímataka sé notuð.

Short track

- Taka tíma á skautara með skeiðklukku og stundum fleiri en einni í hverri keppni
- Fylgjast nákvæmt með og skrá tíma skautara

- Skrá niður tíma sem glatast í rafrænni tímatöku ef þarf
- Vinna með og samræma störf annarra sjálfboðaliða til að sjá til þess að tími allra keppenda sé tekinn

Long track

- Taka tíma á skautara með skeiðklukku og stundum fleiri en einni í hverri keppni
- Fylgjast nákvæmt með og skrá tíma skautara
- Skrá niður tíma sem glatast í rafrænni tímatöku ef þarf
- Vinna með og samræma störf annarra sjálfboðaliða til að sjá til þess að tími allra keppenda sé tekinn
- Heldur skrá yfir hver er fyrstur yfir marklínu í hverri keppni

Teljari – Lap counter

- Ábyrgð teljara felst í að halda skrá yfir hvern keppnishring skautaður af fremsta skautara. Teljarinn er nauðsynlegur til að sjá til þess að viðeigandi fjöldi hringja sé sannarlega skautaður af öllum keppendum til að ljúka keppninni. Teljarar vinna oftast með númeraskilti sem sýna fjölda hringa eftir í keppninni.

Short track

- Fylgjast sérstaklega með fremsta skautara til nákvæmrar talningar hringja
- Sjá til þess að allir skautarar sjái númeraspjöldin greinilega
- Kalla fjölda hringja eftir til skautara ef þarf
- Sjá til þess að réttur fjöldi hringja sé staðfestur í byrjun keppni

Long track

- Fylgjast vel með báðum skauturum og sjá til þess að réttur fjöldi hringja sem eftir eru sé sýnilegur skauturum
- Telja niður fjölda hringja og sýna á númeraspjöldum